

Sp.

731. Breytingartillögur

[200. mál]

við till. til þál. um eflingu listiðnaðar og iðnhönnunar.

Frá allsherjarnefnd.

1. 2. töluliður orðist svo:

Hvernig staðið verði að því að safna heimildum um þróun listiðnaðar og listhönnunar á Íslandi, þannig að hér geti myndast vísir að listiðnaðarsafni, svo og hvernig staðið verði að vernd á hönnun og mynstrum (design).

2. Aftan við síðustu setningu tillögunnar komi eftirfarandi:

Við tillögugerð um þessi efni verði tekið mið af reynslu annarra þjóða á þessu sviði og haft sem víðtækast samstarf við þá aðila, sem hagsmuna eiga að gæta í þessum eignum.